

Hæstaréttardómur.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXVII. árgangur.

2. hefti.

1997

Fimmtudaginn 27. febrúar 1997.

Nr. 299/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Stefáni Jóni Sigurðssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ómerking héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari og ákærði skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1996. Krefst ákærði þess aðallega, að hann verði sýknaður, en til vara, að refsing verði milduð. Hann krefst jafnframt sýknu af bótakröfum í málinu, en til vara, að þeim verði vísað frá héraðsdómi.

Ákærvaldið krefst staðfestingar á sakfellingu ákærða og að refsing hans verði þyngd. Þess er enn fremur krafist, að áfrýjun ákærða, að því er varðar skaðabætur, sem honum var gert að greiða með héraðsdómi, verði vísað frá Hæstarétti.

Ákæra er í tuttugu og níu liðum, þar sem ákærða er í öllum tilvikum gefið að sök að hafa brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hefur hann ekki játað sök í neinu þessara tilvika. Í héraðsdómi er hann sakfelldur fyrir öll ákæruatriði.

Samkvæmt 1. mgr. 135. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skal skýrlega koma fram í röksemdum dómara, hvað hann telur sannað í máli og með hverjum hætti hann hefur komist að þeirri niðurstöðu. Tengist ákvæði þetta meginreglu 4. mgr. 159. gr. sömu laga um, að Hæstiréttur endurmeti ekki niðurstöðu héraðsdómara

um sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi, en báðum þessum greinum laganna var breytt í núverandi horf með lögum nr. 37/1994.

Í hinum áfrýjaða dómi er við reifun sakarefna í verulegum atriðum stuðst við framburð vitna og ákærða fyrir lögreglu, en framburði manna fyrir dómi eru hins vegar gerð ófullnægjandi skil. Í nokkrum tilvikum er látið hjá líða að geta afstöðu ákærða sjálfs til einstakra ákæruatriða, og í enn öðrum er aðeins getið afstöðu, sem ákærði lýsti í skýrslum hjá lögreglu. Þá skortir í forsendum fyrir niðurstöðum héraðsdóms verulega á, að áðurnefndum fyrir mælum 1. mgr. 135. gr. laga nr. 19/1991 sé fylgt sem skyldi. Er látið við það sitja í almennri umfjöllun, þar sem er skírskotað meðal annars til framburðar þrettán vitna, að telja sekt ákærða sannaða í öllum ákæruliðum í senn, en ekki er vikið að hverjum ákærulið fyrir sig og tekin afstaða hverju sinni til framburðar ákærða og vitna fyrir dómi svo og annarra sönnunargagna til að komast að rökstuddri niðurstöðu um sönnun á sekt vegna hvers þeirra. Verður í því sambandi að taka tillit til þess, að við úrlausn um hvern ákærulið verður að meta trúverðugleika framburðar ákærða í samanburði við framburð þeirra eins til fimm vitna, sem hafa borið um atvik tengd hverjum ákærulið, en ekki í samanburði við framburð allra þeirra í senn, sem hafa komið fyrir dóm í málinu. Í þessum efnunum er þess jafnframt að gæta, að neitun ákærða um sök styðst ekki í öllum tilvikum við sömu forsendur. Þannig bar hann til dæmis fyrir sig um 5. ákærulið, að samþykkjandi víxils, sem þar er getið, hafi að mestu fengið andvirði hans í sinn hlut, svo og, að lánsfé, sem honum er gefið að sök með 22. ákærulið að hafa aflað sér með sviksamlegum hætti, hafi verið endurgreitt að fullu, en til atriða sem þessara er ekki tekin skýr afstaða í hinum áfrýjaða dómi.

Af þessum sökum verður ekki komist hjá að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar að nýju. Greiða ber áfrýjunarkostnað málsins úr ríkissjóði, svo sem greinir í dómsorði, en um sakarkostnað í héraði verður að taka ákvörðun í heild, þegar dómur gengur þar að nýju um efni málsins.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur, og er málinu vísað til héraðsdóms til málflytninga og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun Hilmaris Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. maí 1996.

Ár 1996, laugardaginn 4. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara ásamt meðdómendum Hjördísi Hákonardóttur héraðsdómara og Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-987/1995: Ákærvaldið gegn Stefáni Sigurðssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 3. október 1995, á hendur „Stefáni Jóni Sigurðssyni, Stakkholti 3, Reykjavík, fæddum 8. maí 1944, fæðingarnúmer 316, fyrir fjársvik með því að hafa á tímabilinu frá 10. júlí 1991 til 1. október 1994 með kerfisbundnum blekkingum og sviksamlegum hætti fengið tólf neðangreinda einstaklinga, sem fæstir þekktust innbyrðis, til að taka á sig fjárskuldbindingar með útgáfu skuldabréfa eða sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar á skuldabréfum og skrifa sem útgefendur eða samþykkjendur á víxla, en í mörgum tilvikum var nafn ákærða ekki á þessum skjölum nema sem votts. Ákærða tókst að telja brotaþolum trú um, að hann myndi greiða þessar skuldbindingar og brotaþolar þyrftu engar áhyggjur að hafa, þar sem ákærði hefði svo góðar tekjur og ætti von á vaxtabótum og tryggingarbótum, þrátt fyrir að ákærða væri ljóst, að fjárhag hans var þannig háttáð, að hann hafði enga möguleika til að standa við allar þessar skuldbindingar, og sama er að segja um vitneskju ákærða um fjárhag brotaþola. Ákærði hélt leyndu fyrir hverjum einstökum brotaþola, til hve mikilla skulda hann hafði stofnað eða látið aðra stofna í sína þágu með sama hætti á sama tímabili. Ákærði ætlaði sér aldrei að standa í skilum með þau skuldabréf og víxla, sem hann var ekki skuldari eða ábyrgðarmaður á. Ákærði sá um að útbúa lánsúmsóknir, útbúa viðskiptabréfin, sjá um sölu þeirra til lánastofnana, taka við andvirði þeirra og sjá einn um svo til öll önnur samskipti við lánastofnanir vegna neðangreindra lánveitinga.

1. Að hafa fengið Jón Gauta Kristjánsson, kt. 250349-4329, Blönduhlíð 5, Reykjavík, til að gefa út skuldabréf nr. 172298, að fjárhæð 250.000 kr., 20. mars 1992, þar sem ákærði væri á svörtum lista í bankakerfinu, og Freyju

- Sigurðardóttur, kt. 310548-2519, Holtsgötu 12, Hafnarfirði, til að gerast sjálfskuldarábyrgðarmaður á skuldabréfinu. Ákærði sagði Freyju, að hann ætlaði að nota andvirði skuldabréfsins til að greiða aðrar skuldir, en hann seldi bréfið í Landsbanka Íslands, Háaleitisútbúi, og fékk allt andvirðið, 241.120 kr., greitt út.
2. Hafa fengið Jón Gauta Kristjánsson til að gefa út skuldabréf nr. 7365, að fjárhæð 200.000 kr., 18. maí 1992 og Freyju Sigurðardóttur til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðili á skuldabréfinu. Ákærði seldi skuldabréfið í Landsbanka Íslands, Múlaútbúi, og fór hluti andvirðisins til greiðslu afborgana á þremur skuldabréfum, en ákærði fékk 116.366,70 kr. greiddar út með tékka, sem stílaður var á Jón Gauta Kristjánsson.
 3. Fengið Jón Gauta Kristjánsson til að gefa út skuldabréf nr. 3691, að fjárhæð 775.000 kr., 1. júlí 1992 og Freyju Sigurðardóttur og Hildu Björk Jónsdóttur, kt. 261135-2569, Stigahlíð 24, Reykjavík, til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðilar á skuldabréfinu. Ákærði fékk útborgað andvirði skuldabréfsins í Landsbanka Íslands, Þarabakka, og var andvirðið notað til að greiða upp þrjú eldri lán.
 4. Hinn 8. júní 1994 fengið Freyju Sigurðardóttur til að gefa út og framselja víxil, að fjárhæð 350.000 kr., með gjalddaga 8. ágúst 1994 og samþykktan af ákærða. Ákærði sagði Freyju, að hann ætlaði að nota andvirði víxilsins til að greiða vanskil, sem skuldabréf, er Freyja hafði skrifað upp á, voru komin í, en ákærði seldi víxilinn í Tryggingamiðstöðinni hf., og gengu 79.540 kr. til greiðslu á tryggingariðgjöldum ákærða, en 259.654 kr. voru greiddar ákærða.
 5. Hinn 19. júlí 1994 fengið Arnfríði Jónsdóttur, kt. 060860-2039, Svart hömrum 4, Reykjavík, sem átti við alvarleg geðræn vandamál að stríða, til að samþykkja víxil, að fjárhæð 150.000 kr., með gjalddaga 19. ágúst 1994, út gefinn af Maríasi Stefánssyni, syni ákærða. Víxillinn var seldur hjá Sjóvá-Almennum, og rann andvirðið að mestu til ákærða.
 6. Fengið Arnfríði Jónsdóttur til þess að taka skuldabréfalán hjá Glitni hf. með skuldabréfi, að fjárhæð 1.766.176 kr., út gefnu af Arnfríði 15. júlí 1994. Skuldabréfið var notað til kaupa á bifreiðinni UN-305, Hyundai Sonata, hjá Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. 15. júlí, sem ákærði fékk Arnfríði til að kaupa í eigin nafni, en ákærði notaði bifreiðina í leiguakstri.
 7. Fengið Arnfríði Jónsdóttur til þess að samþykkja víxil, að fjárhæð 250.000 kr., út gefinn 21. júní 1994 af Ingibjörgu Einarsdóttur, Stigahlíð 28, Reykjavík, vinkonu Arnfríðar, með gjalddaga 21. ágúst. Víxillinn var seldur í Íslandsbanka, Garðabæ, og andvirðið lagt inn á tékkareikning nr.

1608 á nafni Arnfríðar, sem hún stofnaði hjá útibúinu, en það var skilyrði þess, að víxillinn yrði keyptur. Tékkar þeir, sem Arnfríður gaf út á tékkareikninginn, voru flestir notaðir í þágu ákærða.

8. Fengið Arnfríði Jónsdóttur til þess að gefa út víxil, að fjárhæð 200.000 kr., út gefinn 25. júlí 1994, með gjalddaga 25. október s. á., samþykktan af ákærða. Ákærði seldi víxillinn í Sparisjóði Þingeyrarhrepps, Þingeyri, og var andvirðið lagt inn á sparisjóðsbók nr. 25, sem ákærði stofnaði í sparisjóðnum.
9. Fengið Fanneyju Halldórsdóttur, kt. 260224-3289, Háaleitisbraut 117, Reykjavík, til að gerast útgefandi á víxli, að fjárhæð 300.000 kr., út gefnum 22. janúar 1993, með gjalddaga 22. apríl s. á. og fengið Jón Gauta Kristjánsson til að samþykkja víxilinn. Ákærði seldi víxillinn í Sparisjóði Kópavogs, og fór andvirðið inn á tékkareikning ákærða nr. 40186 við sparisjóðinn til greiðslu á óheimilum yfirdrætti á reikningnum.
10. Hinn 1. apríl 1993 fengið Fanneyju Halldórsdóttur til að gefa út skuldbréf nr. 1942, að fjárhæð 300.000 kr. Ákærði, sem var sjálfskuldarábyrgðaraðili á skuldabréfinu, sagði Fanneyju, að skuldabréfið yrði notað til að skuldbreyta lánum, sem hún hafði skrifað upp á fyrir ákærða, en ákærði seldi skuldabréfið í Landsbanka Íslands, Höfðabakkaútibúi, 1. apríl 1993, og var andvirðið greitt ákærða.
11. Í ágúst 1992 fengið Magnús Moberg Hansson, kt. 211249-5959, Þórsgötu 17, Reykjavík, til þess að gerast útgefandi víxils nr. 100011, að fjárhæð 300.000 kr., út gefins 25. ágúst 1992, með gjalddaga 25. nóvember s. á., og Þóru Bjarneyju Guðmundsdóttur, kt. 160450-4019, Þverholti 9, Mosfellsbæ, til að samþykkja víxilinn. Víxillinn seldi ákærði í Landsbanka Íslands, Hamraborg, Kópavogi. Víxillinn var framlengdur þrisvar, en lenti síðan í vanskilum og var greiddur af þeim Magnúsi og Þóru, þar sem þeim var orðið ljóst, að ákærði ætlaði sér aldrei að greiða víxilinn.
12. Í maí 1992 fengið Fanneyju Halldórsdóttur til þess að gerast útgefandi víxils nr. 029637, að fjárhæð 200.000 kr., út gefins 27. maí 1992, með gjalddaga 27. ágúst s. á., og Þóru Bjarneyju Guðmundsdóttur til að samþykkja víxilinn. Ákærði seldi víxilinn í Íslandsbanka við Þarabakka, Reykjavík, og var andvirðið lagt inn á tékkareikning ákærða nr. 3196. Víxillinn var framlengdur tvisvar, en síðan leysti Þóra Bjarney víxilinn til sín, þar sem henni var orðið ljóst, að ákærði ætlaði sér aldrei að greiða víxilinn.
13. Í desember 1992 fengið Þóru Bjarneyju Guðmundsdóttur til þess að gerast útgefandi víxils nr. 008270, að fjárhæð 300.000 kr., út gefins 28. desember 1992, með gjalddaga 28. janúar 1993, og Jón Gauta Kristján-

- son til að samþykkja víxilinn og selja hann í Íslandsbanka, Mosfellsbæ. Andvirði víxilsins var lagt inn á tékkareikning ákærða nr. 3169 í Íslandsbanka, Parabakka. Þóra Bjarney leysti til sín víxilinn 18. maí 1994.
14. Í september 1993 fengið Ágústu Sigmundsdóttur, kt. 110858-6639, Mána braut 11, Akranesi, sem er við skerta andlega heilsu og var á þeim tíma á lokaðri geðdeild Landspítalans, til að veðsetja fasteign sína að Mána braut 11, efri hæð, Landsbanka Íslands til tryggingar veðskuldabréfaláni ákærða við Landsbanka Íslands nr. 38659, að fjárhæð 1.500.000 kr., út gefnu 9. september 1993. Ákærði sagði Ágústu, að hann ætti von á tryggingarbotum, að fjárhæð 4.000.000 kr., og myndi hann greiða veðskuldabréfið upp, þegar hann fengi bæturnar.
 15. Í janúar 1994 fengið Sólveigu Pétursdóttur, kt. 020944-7819, Hafnargötu 20, Keflavík, til að gefa út skuldabréf nr. 172732, að fjárhæð 500.000 kr., dagsett 7. janúar 1994, og Ágústu Sigmundsdóttur til að rita sem sjálfskuldarábyrgðaraðila á skuldabréfið. Ákærði seldi skuldabréfið í Landsbanka Íslands, Háaleitisútibúi, og var andvirði þess notað til að greiða eldri skuldir.
 16. Í apríl 1993 fengið Svanfríði Hagvaag, kt. 220249-4769, Bræðraborgarstíg 7, Reykjavík, sem var við skerta andlega heilsu, til að taka skuldabréfalán hjá Íslandsbanka, Dalbraut 3, nr. 21235, að fjárhæð 500.000 kr., dagsett 27. apríl 1993, og þær Ólafíu Jónsdóttur, kt. 100645-7699, Dvergabakka 6, Reykjavík, og Ingibjörgu Sveinsdóttur, kt. 040752-3909, Stuðlabergi 62, Hafnarfirði, til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðilar á skuldabréfinu. Bréfið var notað til skuldbreytinga.
 17. Í september 1993 fengið Sólveigu Pétursdóttur til að taka skuldabréfalán hjá Landsbanka Íslands, Langholtsútibúi, samkvæmt skuldabréfi nr. 22524, að fjárhæð 450.000 kr., út gefnu 29. september 1993, og Ágústu Sigmundsdóttur til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðili á skuldabréfinu. Skuldabréfið var keypt 30. september og andvirði þess lagt inn á sparisjóðsbók ákærða nr. 40803 við útibúið.
 18. Í október 1993 fengið Sólveigu Pétursdóttur til að taka skuldabréfalán hjá Landsbanka Íslands, Árbæjarútibúi, samkvæmt skuldabréfi nr. 113-4849, að fjárhæð 200.000 kr., út gefnu af Sólveigu 18. október 1993. Andvirði skuldabréfsins var notað til greiðslu víxils, sem ákærði hafði selt bankanum, en samþykkjandi þess víxils var Fanney Halldórsdóttir.
 19. Í janúar 1993 fengið Svanfríði Hagvaag til þess að taka skuldabréfalán hjá Sparisjóði Kópavogs, Digranesvegi 10, samkvæmt skuldabréfi, að fjárhæð 250.000 kr., út gefnu af Svanfríði 14. janúar 1993, og þær Fanneyju Halldórsdóttur og Þóru Bjarneyju Guðmundsdóttur til að gerast

- sjálfskuldarábyrgðaraðilar á skuldabréfinu. Ákærði seldi skuldabréfið í Sparisjóði Kópavogs, og var andvirðið lagt inn á tékkareikning ákærða nr. 40186 við sparisjóðinn.
20. Í apríl 1993 fengið Svanfríði Hagvaag til að taka skuldabréfalan hjá Sparisjóði Kópavogs með skuldabréfi nr. 211135, að fjárhæð 1.000.000 kr., út gefnu af Svanfríði 16. apríl 1993, og þær Fanneyju Halldórsdóttur og Ágústu Sigmundsdóttur til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðilar á skuldabréfinu. Ákærði seldi skuldabréfið í Sparisjóði Kópavogs 19. apríl, og var andvirðið lagt inn á tékkareikning ákærða nr. 40186, en samdægurs voru 738.621,20 kr. teknar út af tékkareikningnum og varið til greiðslu á Visa-skuld ákærða og innborgun á víxil nr. 583645.
 21. Í nóvember 1993 fengið Ágústu Sigmundsdóttur og Sólveigu Pétursdóttur til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðilar á skuldabréfi nr. 411276, að fjárhæð 2.319.511 kr., út gefnu af ákærða 17. nóvember 1993. Andvirðið var notað til að greiða upp vanskilaskuldir ákærða, sem komnar voru í innheimtu hjá Lögmonnum, Hamraborg, og til að greiða upp skuldabréf, að fjárhæð 1.000.000 kr., sem um getur í ákærulið 20.
 22. Fengið Sólveigu Pétursdóttur til að lána sér peninga, alls að fjárhæð 1.773.000 kr. Þessi fjárhæð sundurliðast þannig: tékki nr. 282990, að fjárhæð 200.000 kr., dags. 13. 9. 1993, tékki nr. 0282991, að fjárhæð 433.000 kr., dags. 16. 9. 1993, tékki nr. 282993, að fjárhæð 500.000 kr., dags. 20. 9. 1993, tékki nr. 282995, að fjárhæð 250.000 kr., dags. 22. 9. 1993, greitt með giróseðli nr. 1637912, að fjárhæð 130.000 kr., dags. 29. 9. 1993, inn á reikning kærða nr. 40805, greitt inn á sparisjóðsbók kærða nr. 10805, 70.000 kr., 11. 10. 1993 og greitt á sama hátt 190.000 kr. 14. 12. 1993. Ákærða var ljóst, eins og fjárhag hans var háttað, að hann hafði enga möguleika til að greiða þessi lán.
 23. Hinn 7. júlí 1991 fengið Jón Gauta Kristjánsson til að gefa út skuldabréf nr. 4332, að fjárhæð 350.000 kr., dagsett 10. júlí 1991, og þær Ólafíu Jónsdóttur og Ingibjörgu Sveinsdóttur til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðilar á skuldabréfinu. Bréfið var selt í Landsbanka Íslands, Breiðholtsútbúi, og andvirðið lagt inn á sparisjóðsbók ákærða.
 24. Í janúar 1992 fengið Jón Gauta Kristjánsson til að gefa út skuldabréf nr. 7232, að fjárhæð 250.000 kr., dagsett 9. janúar 1992, og Ólafíu Jónsdóttur til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðili á skuldabréfinu. Skuldabréfið var selt í Landsbanka Íslands, Múlaútbúi, og tók ákærði við andvirði þess samkvæmt skriflegu umboði Jóns Gauta.
 25. Í ágúst 1993 fengið Ágústu Sigmundsdóttur til að gefa út skuldabréf nr. 8783, að fjárhæð 350.000 kr., dagsett 12. ágúst, og þær Ólafíu Jónsdóttur

- og Fanneyju Halldórsdóttur til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðilar á skuldabréfinu. Skuldabréfið var selt í Landsbanka Íslands, Langholtsútibúi, og tók ákærði við andvirði þess og nýtti í eigin þágu.
26. Í janúar 1992 fengið Jón Gauta Kristjánsson til að taka skuldabréfalán hjá Landsbanka Íslands, Breiðholtsútibúi, samkvæmt skuldabréfi nr. 4660, að fjárhæð 200.000 kr., út gefnu 21. janúar 1992 af Jóni Gauta, og þær Ólafíu Jónsdóttur og Hildu Björk Jónsdóttur, kt. 261135-2569, Stigahlíð 24, Reykjavík, til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðilar á skuldabréfinu. Skuldabréfið var selt í Landsbanka Íslands, Breiðholtsútibúi, 22. janúar 1992 á nafni Jóns Gauta Kristjánssonar og andvirðið notað að mestu til að greiða upp vixil, að fjárhæð 150.000 kr., og afborgun af láni nr. 4332. Eftirstöðvarnar, 9.254,20 kr., voru lagðar inn á sparisjóðsbók ákærða nr. 6101.
27. Í janúar 1993 fengið Svanfríði Hagvaag og Þóru Bjarneyju Guðmundsdóttur til að gerast sjálfskuldarábyrgðaraðilar á skuldabréfi nr. 00044, að fjárhæð 625.000 kr., út gefnu af ákærða 20. janúar 1993. Ákærði seldi skuldabréfið í Landsbanka Íslands, Hótel Loftleiðum, og var andvirðið notað til að greiða upp þrjú skuldabréf, sem ákærði hafði selt bankanum og voru komin í vanskil.
28. Í nóvember 1992 fengið Svanfríði Hagvaag til að taka skuldabréfalán hjá Landsbanka Íslands, Langholtsútibúi, samkvæmt skuldabréfi nr. 8336, að fjárhæð 300.000 kr., út gefnu af Svanfríði 18. nóvember 1992. Ákærði veitti lánsfénu viðtöku samkvæmt skriflegu umboði Svanfríðar.
29. Í nóvember 1992 fengið Svanfríði Hagvaag til að taka skuldabréfalán hjá Íslandsbanka, Þarabakkaútibúi, samkvæmt skuldabréfi, að fjárhæð 150.000 kr., út gefnu af Svanfríði 18. nóvember 1992. Skuldabréfið var selt í Íslandsbanka, Þarabakka 3, 19. nóvember 1992 og andvirði þess greitt inn á hlaupareikning ákærða nr. 3169 hjá útibúinu.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

— — —

Mál þetta var upphaflega flutt og dómtekið 19. janúar, en vegna umfangs málsins dróst dómsuppsaga fram yfir frest þann, er greinir í 133. gr. laga um meðferð opinberra mála, og var því ákveðið að flytja málið að nýju. Dráttur hefur orðið á því vegna mikilla anna dómenda og sækjanda.

Málavextir.

Með bréfi, dags. 14. mars 1994, fór Sigmundur Hannesson hæstaréttarlögmaður þess á leit við rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, að hann hlutaðist til

um, að fram færi opinber rannsókn á meintum brotum ákærða, þar sem ákærða hafi tekist að fá þrjá aðila til þess á 10 mánaða tímabili að skrifa upp á víxla og skuldabréf upp á tæpar 9 milljónir króna, jafnframt því sem kærði hefði m. a. fengið kæranda, sem var tímabundið vistuð á lokaðri geðdeild Landspítalans, til þess að gangast í gifurlegar fjárskuldbindingar og þannig gegn betri vitund notfært sér bágingi og veikindi kæranda til fjárhagslegs ávinnings fyrir sjálfan sig.

Í framhaldi af því hófst rannsókn máls þessa og komu þá fram kærur fleiri aðila á hendur ákærða og í framhaldi af rannsókn Rannsóknarlögreglu ríkisins var framangreind ákæra gefin út á hendur ákærða.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 14. október 1994 var ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til 24. sama mánaðar og var honum sleppt úr haldi 25. október eftir að Héraðsdómur hafði synjað kröfu um framlengingu gæsluvarðhaldsins með úrskurði upp kveðnum þann dag.

Málsatvik verða nú rakin í þeirri röð, sem greinir í ákæruskjali.

— — —

Niðurstaða.

Ákærði lofaði vitninu Jóni Gauta Kristjánssyni, að hann þyrfti aldrei að greiða skuldbindingar þær, er hann undirgekkst fyrir ákærða. Vitnið sagði og, að ákærði hefði sýnt sér vináttu, og enda þótt hann væri ekki eignamaður, lánaði hann ákærða einnig umtalsverða fjárhæð, 500.000 krónur. Þá kom fram, að vitnið ályktaði, að ákærði hefði traust í bönkum. Þessa hugmynd vitnisins færði ákærði sér í nyt og vakti auk þess með vitninu traust, enda þótt fjárhagur ákærða hefði verið slíkur, að honum hlaut sjálfum að vera ljóst, að hann gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar, svo sem reyndar hefur komið í ljós.

Ákærði sagði vitninu Þóru Bjarneyju Guðmundsdóttur, sem er einstæð sex barna móðir, að hann þyrfti peninga vegna fráfalls dóttur sinnar til þess að ganga frá útförinni, að því er vitninu skildist. Ákærða tókst að fullvissa hana um það, að hún þyrfti aldrei að greiða neitt af þessum víxli, þar sem hann ætti von á að fá tryggingarbætur.

Ákærði gætti þess jafnan, er hann átti samtöl við vitnið Svanfríði Hagvaag, að aðrir væru ekki nærri, og fram kemur í gögnum málsins, að hún var veik fyrir andlega og að ákærði vakti með henni rangar hugmyndir um stöðu sína og greiðslugetu.

Fram kom hjá vitninu Fanneyju Halldórsdóttur, fyrrverandi tengdamóður ákærða, að hún hefði verið mjög langt niðri vegna sviplegs fráfalls dótturdóttur sinnar. Þetta notfærði ákærði sér. Þá sagði hann henni, að framlengi hún ekki lánin, féllu þau á hana.

Ákærði fékk vitnið Ágústu til þess að veita sér veðleyfi í fasteign vitnisins, en vitnið var þá á geðdeild Landspítalans, en fékk hana auk þess til að undirgangast fjárskuldbindingar fyrir sig. Hún kvað ákærða hafa verið vinnuþjálfari í sinn garð, en hann hefði átt auðvelt með að fá sitt fram og taldi hana á að aðstoða sig. Reyndar kom það fram við skýrslutöku af vitninu fyrir dómi, að hún var ekki í jafnvægi og undir áhrifum lyfja, en samkvæmt vottorðum lækna er andleg heilsa hennar ekki góð.

Vitnið Sólveig Pétursdóttir taldi, að ákærði hefði traust í bönkum, úr því að hann gæti jafnan selt þeim verðbréf og fengið þar fyrirgreiðslu. Notfærði ákærði sér þetta og hélt því auk þess fram við hana, að fjárhagsleg geta sín væri slík, að hann gæti staðið við skuldbindingar sínar. Þegar fram í sótti, fann vitnið fyrir þrýstingi frá ákærða í þá átt að framlengja lánin, ella færi allt um koll.

Samskipti ákærða og Arnfríðar Jónsdóttur, sem gat ekki gefið skýrslu fyrir dómi vegna geðrænna veikinda, voru þau, að honum tókst að telja henni trú um, að með því að gangast undir fjárskuldbindingar leysti hún úr fjárhagsvanda þeirra beggja, enda þótt ákærði hefði á þeim tíma verið búinn að stofna til skuldbindinga, sem fráleitt var, að hann gæti staðið við.

Ákærði sýndi vitninu Freyju Sigurðardóttur vináttu og reyndist henni hjálplegur, en taldi henni síðan trú um, að hann hefði góðar tekjur af leiguakstri og ætti auk þess von á tryggingarþótum. Þá vakti hann samúð hennar með því að skýra frá því, að hann hefði misst dóttur sína.

Vitnið Ólafía Jónsdóttir þekkti ákærða, frá því að þau voru börn og unglingar, og vakti hann traust hjá henni, enda þótt hann hefði hlotið að vita, að hann gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem hann var að blanda vitninu inn í.

Ákærði sannfærði vitnið Ingibjörgu Sveinsdóttur um, að með því að hún skrifaði upp á fyrir hann, væri hún að bjarga honum, en ekki vissi vitnið um stöðu ákærða að öðru leyti. Síðar fann hún fyrir þrýstingi til að framlengja lánin, ella féllu þau á hana.

Vitnið Hilda Björk Jónsdóttir var sannfærð af ákærða um, að þetta lenti aldrei á henni, og bar ákærði fyrir sig dótturmissinn og það, að hann þyrfti að framlengja aðrar skuldbindingar. Þá sagði hann henni, að Jón Gauti Kristjánsson og Freyja Sigurðardóttir væru borgunarmenn fyrir lánunum, enda þótt hann hefði vitað betur.

Vitnið Ingibjörg Einarisdóttir sagðist hafa skrifað upp á víxil fyrir vinkonu sína, en ekki ákærða, en útibússtjóri Íslandsbanka í Garðabæ hefði varað hana við ákærða.

Ákærði kynntist vitninu Magnúsi Moberg Hanssyni í AA-samtökunum og vakti hjá honum traust í sinn garð og notfærði sér það.

Ákærði sagði vitnunum í fyrstu, að hann þyrfti aðstoð þeirra til þess að greiða skuldir, en þegar á leið, að hann þyrfti að bjarga sér frá gjaldþroti, annars hryndi allt. Gaf hann vitnunum þá hugmynd, að vandinn væri ekki meiri en fjárhæð láns þess, sem hann var að leita eftir, að þau tækju eða ábyrgðust fyrir hann. Ákærði missti dóttur sína á sviplegan hátt, og varð það til þess að afla honum samúðar vitnanna. Þá gerði hann mikið úr því við sum vitnanna, að hann hefði greitt útför dóttur sinnar, og leitaði endurtekið aðstoðar vegna þess.

Þegar framburður vitnanna og málsatvik eru virt í heild sinni, þykir sannað, að ákærði hafi vakið með þeim hugmyndir um, að hann gæti borgað lánin, enda þótt ákærða hafi hlotið að vera ljóst, að honum væri það ofviða. Hann var búinn að sæta gjaldþrotaskiptum á búi sínu, fasteign hans hafði verið seld, og samkvæmt skattframtali fyrir árið 1991 voru reiknaðar tekjur hans af leiguakstri það ár 400.000 krónur.

Þá þykir verða að líta til þess, að vitnum ber mjög saman um þær aðferðir, sem ákærði beitti við að telja þau á að gangast undir fjárskuldbindingar að fortölum hans og í sumum tilvikum afhenda honum fé. Þá er samband vitnanna innbyrðis lítið, og fæst þekktust fyrir, og raunar var það ekki fyrr en eftir, að rannsókn máls þessa hófst, að þau gerðu sér grein fyrir, hversu margir höfðu undirgengist fjárskuldbindingar fyrir ákærða, og umfangi þeirra.

Það er álit dómsins, að leggja beri framburð vitnanna til grundvallar um staðreyndir máls þessa. Þykir sannað, að ákærði hafi með kerfisbundnum blekkingum og sviksamlegum hætti fengið tiltekna einstaklinga til þess að taka á sig fjárskuldbindingar, eins og lýst er í ákæru, og með því stefnt fjárhagslegum hagsmunum þeirra í hættu í öllum þeim tilvikum, sem greinir í ákæruskjali. Varðar það ákærða refsingu skv. 248. gr. hegningarlaga.

Ákærði hefur átta sinnum verið dæmdur fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga á árunum 1968–1987, og árið 1981 hlaut hann fjögurra mánaða fangelsi fyrir brot á 155. og 246. gr. hegningarlaga. Þá hefur ákærði sætt refsingum fyrir brot á umferðar- og áfengislögum, sem þykja ekki skipta máli hér.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa í huga, að hann náði til sín umtalsverðum fjárhæðum og stefndi fjárhag fjölda manna í hættu. Þá þykir atferli ákærða og viðhorf til brotþola bera vott um ófyrirleitni og eindreginn brotavilja, auk þess sem ákærði virtist kæra sig kollóttan um afleiðingar verka sinna.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 20 mánuði, en til frádráttar refsingu kemur gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 14. október 1994 til 25. október s. á.

Ákærði hefur viðurkennt bótakröfur þær, sem gerðar eru á hendur honum, og verða þær teknar til greina með vöxtum, eins og greinir í dómsorði, en þess er að geta, að vitnið Magnús Moberg Hansson gerði hér fyrir dómi kröfu um dráttarvexti af kröfu sinni, og var samþykkt af hálfu ákærða, að hún kæmist að í málinu.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða 300.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð og 450.000 krónur í málsvarnarlaun og réttargæsluþóknun til verjanda síns, Brynjars Níelssonar hdl., frá þeim tíma, er gæsluvarðhaldsvist ákærða lauk.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Stefán Jón Sigurðsson, sæti fangelsi í 20 mánuði, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 14. október 1994 til 25. s. m. komi til frádráttar refsivist.

Ákærði greiði 300.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð og 450.000 krónur í málsvarnarlaun og réttargæsluþóknun verjanda síns, Brynjars Níelssonar hdl.

Ákærði greiði eftirtöldum skaðabætur sem hér segir: Kristjáni Maríassyni, Urðarteigi 14, Neskaupstað, 168.783 krónur, Þóru Bjarneyju Guðmundsdóttur, Þverholti 9, Mosfellsbæ, 822.000 krónur, Magnúsi Moberg Hanssyni, Þórgötu 17, Reykjavík, 150.000 krónur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 27. júlí 1993 og Árna Þórhallssyni, Hólagötu 5, Njarðvík, 338.267 krónur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 16. nóvember 1994 til greiðsludags.